

Dansinn dunar

FÖSTUDAGSMOLINN



Mánudagur 13. febrúar
VETRARFRÍ – FRÍSTUND LOKUÐ

Þriðjudagur 14. febrúar
VETRARFRÍ – FRÍSTUND LOKUÐ

Miðvikudagur 15. febrúar
Matseðill: Fiskur í orlý (ýsa),
hrísgrjón, salat og grænmeti

- Morgunsöngur kl 8:20
- Dans

Fimmtudagur 16. febrúar
Matseðill: 3. bekkur valdi pylsur
með öllu

- Dans
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5.
bekkjar.

Föstudagur 17. febrúar
Matseðill: Hakk (lamba og
nautahakk) spaghetti, salat og
grænmeti.

- Skólabílar keyra heim kl 11:30.
- Frístund opin til kl 16.



Skóli lokar vegna útfarar

Á föstudaginn er útför Vígdísar okkar og munum við því loka skólanum eftir hádegi. Við ætlum að kenna til kl 11 og skólabílar keyra svo heim kl 11:30. Frístund verður opin til klukkan 16 fyrir þá nemendur sem eru skráðir í hana.

Við gerum okkur grein fyrir að það hentar ekki þeim nemendum sem þurfa að ferðast um langan veg í skóla þegar skóladagar skerðast svona. Við munum sýna því fullan skilning ef foreldrar þeirra barna vilja halda þeim heima þennan dag og læra þar. Munið eftir að taka gögnin ykkar með heim og kennarar munu setja allar upplýsingar á mentor um það sem verður unnið. Það er mikilvægt að tilkynna til Helgu ef nemendur verða heima þennan dag.

Nudd

Núna eru unglingarnir byrjaðir í nýjum valgreinum og er margt spennandi í boði. Meðal annars er Guðrún Helga að kenna nudd og hér má sjá huggulegu kennslustofuna sem hún er búin að útbúa fyrir valið.



Olga snillingur

Olga tók 2. stig á píanó í vikunni. Húrra fyrir henni. Það er svo skemmtilegt að hafa tónlistarskólann undir sama þaki og grunnskólann. Samstarfið heldur áfram að eflast og möguleikarnir endalausir.

DAGUR TÓNLISTARSKÓLANS



Nemendur tónlistarskólans héldu upp á dag tónlistarskólans í vikunni. Þeir fóru á sjúkrahúsið og leikskólann til þess að spila fyrir elstu og yngstu borgarana okkar.



Alltaf gaman að kíkja af bæ og leyfa öðrum að njóta þess sem við erum að vinna að.



Nemendur í verklegri náttúrufræði eru að undirbúa fræ fyrir spírun. Nýja stofan veitir nemendum frábæra aðstöðu til þess að gera ýmsar skemmtilegar tilraunir. Verkleg náttúrufræði er að verða eitt vinsælasta valið hjá unglingadeildinni sem gleður okkur mikið.

